

Hver er mín skoðun á öryggismálum sjómanna?

Staðkunnur einstaklingur segir frá skoðunum sínum á öryggismálum sjómanna.

Erindi flutt á málfundi um öryggismál sjómanna í Reykjavík 4. des. 2003

Guðmundur Jónsson skipstjóri kom inn á marga þætti öryggismálanna og var þungamiðja erindisins um öryggi sjómanna á úthafsveiðiskipum. Helstu atriði sem Guðmundur fjallaði um eru eftirfarandi:

- Vil opna umræðu um mismunandi kröfur um björgunar-, eldvarnar- og öryggisbúnað skipa og til öryggisþjálfunar sjómanna eftir því hvort um sé að ræða kaupskip eða fiskiskip.
-
- Skipið, öryggisbúnaður og vel þjálfuð áhöfn er okkar mesta öryggi.
-
- Okkur er skylt að halda búnaði í lagi og þjálfna áhöfnina til að bregðast rétt við þeim atvikum sem upp geta komið. Við þurfum að standa vel að nýliðafræðslu og okkur er skylt að halda björgunaræfingar samkvæmt neyðaráætlun skipsins. Við verðum að æfa “skipið yfirgefið”, “eldur um borð”, “maður fyrir borð”, “móttöku þyrllu”, og einnig þarf að æfa “meðhöndlun slasaðra” og “notkun línubysa”.
- Erum við nógu vel undir þetta búnir?
- Öllum sjómönnum er skylt að fara í Slysavarnaskóla sjómanna á grunnnámskeið sem er það sama fyrir alla í áhöfninni, en ekki er gerð krafa um að yfirmenn hafi meiri menntun eða sérþekkingu til að þjálfna áhöfnina.
- Ekki er í boði námskeið í stjórnun neyðaraðstæðna og björgunaraðgerða fyrir yfirmenn á fiskiskipum.
- Hvar er léttbáturinn mest notaður? Jú, í fiskiskipum en samt eru ekki gerðar kröfur um að sjómenn á þeim taki námskeið í notkun léttbáta og læri um sjósetningu, meðferð og stjórnun þeirra. Það er skylt fyrir hluta áhafna ferja.
- Ekki er krafa um að fiskimenn fari á framhaldsnámskeið í eldvörnum, þar sem kennt er að stjórna og þjálfna áhöfnina til slökkvistarfa um borð í skipum, en það þurfa yfirmenn á kaupskipum að gera á 5 ára fresti. Er einhver munur á eld í kaupskipi og eld í fiskiskipi?
- Á námskeiði í öryggisfræðslu hjá Slysavarnaskóla sjómanna er okkur kennt að reykkafa tveir saman. Hvaða tilgangi þjónar það að hafa bara eitt tæki í mörgum fiskiskipum. Af hverju eru ekki kröfur um slökkvigalla í öllum fiskiskipum. Í reglum er gerð krafa um slökkvigalla og reykköfunartæki í “nýjum” fiskiskipum sem byggð eru árið 2000 eða síðar en ekki í “gömlum” fiskiskipum. Það er ekki hægt að fara inn í brennandi rými nema vera í þar til gerðum búningum.

- Það er mikið ósamræmi milli reglna fyrir kaupskip annarsvegar og fiskiskip hinsvegar. Tökum sem dæmi lyfjakistuna og kröfur um sjúkrabörur. Sjúkrabörur eru skyldaðar í skipum sem eru 500 brúttótonn eða stærri en ekki í þeim sem eru minni. Hvernig á að flytja slasaða í minni skipunum? Er eitthvað öðruvísi að bera sjúkan eða slasaðan mann í litlu eða stóru skipi?
- Það er mín skoðun að þessar reglur sem taka yfir það efni sem ég hef talað um hér á undan þurfi að samræma þannig að allir sem stjórna skipum hafi sömu menntun til að stjórna og þjálfa áhöfnina í björgunar- og öryggisatriðum. Það þarf að þjálfa áhafnir fiskiskipa til jafns við áhafnir kaupskipa.
- (Guðmundur setti upp sjókort af hafsvæðinu umhverfis Ísland og hafði teiknað inn á það helstu veiðisvæði úthafsveiðiskipa suður og norður af landgrunninum, sjá aftast.)
- Á báðum þessara hafsvæða eru oft fjöldi skipa á sama tíma með samanlagt 500-600 manns innanborðs á hvoru svæði. En þar sjást aldrei varðskip. Eina björgunartækið sem við sem þarna störfum berum fullt traust til er þyrlan og það er vond tilfinning þegar fréttist að þyrlan sé biluð. Hvað eigum við að gera ef Varnarliðið fer með sínar þyrlur frá Íslandi?
- Í lokin sagði Guðmundur frá reynslusögum af úthafinu. 1) Maður um borð með óreglulegan hjartslátt. Reyndi að hafa samband við gæsluna en var suðvestan él þannig að það náðist ekki í fyrstu en loks hafðist það og í gegnum fjarlækningaþjónustuna fengust skýringar á ástandi mannsins og við það létti okkur mikið. 2) Maður um borð bólgnaði mikið í munni og var honum gefin ofnæmislyf en þau kláruðust fljótt. Fengu lyf frá Ými sem var á veiðum á sama svæði og voru einnig lyf send með Örfirisey sem var á leiðinni á miðin. Hún kom á síðustu stundu með lyfin sem vantaði en þá var ein tafla eftir. Það er ljóst að í svona stórum samfélögum áhafna sem starfa langt frá landi þarf lækni á staðinn. Það þarf að vera varðskip á svæðinu með nauðsynlega þjónustu. 3) Á veiðum norðan við Noreg eru miklir samskiptaörðugleika við rússa t.d. tungumálið en aftur gott samband við norðmenn. Þegar verið er að veiðum í norsku lögsögunni verður maður oft var við varðskip og fáum við heimsókn frá þeim á 10 til 20 daga fresti eða þrisvar í veiðiferð. Varðskip sjást lítið á heimamíðum.

Mynd af veiðisvæðum úthafsskipa (svört lína umhverfis svæði):

